

GJALDSKRÁ

Kjósarveitna ehf.

1. gr.

Kjósarveitur ehf. selja afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar og þær hafa umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð fyrir Kjósarveitur ehf.

2. gr.

Viðmiðunarhitastig Kjósarveitna er 70°C. Ef hitastig á tengistað er lægra en 70°C að jafnaði þá verða hemlar stilltir þannig að notandi fái afhent vatn sem svarar til þess magns sem hann væri að kaupa af vatni 70°C heitu. Orkureikningar fyrir vatnssölu skv. mæli verða leiðréttir með tilliti til vatnshita á tengistað.

Virðisaukaskattur er 11%, auk þess skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt 2% af smásöluverði.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

Heitt vatn um rennismæli:

	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Fyrir hvern rúmmetra vatns	194,00	3,88	219,65	kr./m ³
Magnafsláttur, 6.000 m ³ /ári ¹⁾	155,20	3,10	175,72	kr./m ³
Magnafsláttur, 12.000 m ³ /ári ²⁾	135,80	2,72	153,75	kr./m ³

1) Notendur þar sem notkun er að lágmarki 6.000 rúmmetrar á ári geta sótt um að kaupa heitt vatn á 20% afslætti.

2) Notendur þar sem notkun er að lágmarki 12.000 rúmmetrar á ári geta sótt um að kaupa heitt vatn á 30% afslætti.

Afsláttarkjörin eiga við þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Kjósarveitna ehf.

Fast gjald er háð afköstum rennismælis, en óháð töxtum að öðru leyti. Því er skipt í fjóra flokka:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
A: 15 mm	41,00	0,82	46,42	kr./dag
B: 20-25 mm	85,00	1,70	96,24	kr./dag
C: 32-50 mm	172,00	3,44	194,74	kr./dag
D: 65 mm og stærri	231,00	4,62	261,54	kr./dag

Heitt vatn um hemil:

	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Grunnverð, 3 mínútulítrar ¹⁾	360,00	7,20	407,59	kr./dag
2 l/mín., lágmark ²⁾	288,00	5,76	326,07	kr./dag
Hver lítri umfram 3 l/mín. ²⁾	72,00	1,44	81,52	kr./dag

1) Mínútulítri (l/mín.) tákna það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á mínútu. Innfalið í grunnverði eru 3 mínútulítrar.

2) Sækja þarf um sérstaklega ef óskað er eftir minna eða meira magni en 3 mínútulítrum.

Fast gjald fyrir hemil er óháð töxtum.

	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Hemill, fast gjald	29,00	0,58	32,83	kr./dag

3. gr.

Heimæðargjald Kjósarveitna ehf., er sem hér segir fyrir eina heimæð, óháð þvermáli og lengd, á meðan á frumlagningu stendur. Virðisaukaskattur er 11% á heimæðargjöld. Ekki er hleypt á nema heimæðargjald sé að fullu greitt.

	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk</i>
Heimæðargjald með mæli	1.270.000	1.409.700
Heimæðargjald með hemli	800.000	888.000

4. gr.

Þjónustugjöld Kjósarveitna ehf., eru sem hér segir:

	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk</i>
Seðilgjald	150	167
Tilkynningar- og greiðslugjald	50	56
Aukaálestur	2.550	2.831
Innheimtuviðvörðun ¹⁾	800	
Lokunargjald	7.026	7.799
Útkall v/búnaðar notanda ²⁾	15.000	16.650
Gjald fyrir innheimtuaðgerð, þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð	300.000	333.000

Innheimtuviðvörðun er send 30 dögum eftir gjalddaga.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun, sem reynist vera í búnaði húseiganda.

5. gr.

Öll gjöld samkvæmt 2., 3., og 4. gr. í gjaldskrá þessari verða óbreytt til og með 31. desember 2017, frá gildistöku hennar.

6. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda skv. 79. gr. laga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

7. gr.

Kjósarveitur hafa rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.

Eftirlitsmanni Kjósarveitna skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af stjórn Kjósarveitna ehf., er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. janúar 2017.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Ingvi Már Pálsson.